

**Ed.**

**116. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 20, 22. maí 1890, um innheimtu og meðferð á kirknafje.

Flutningsm.: Eggert Pálsson og Kristinn Danielsson.

Landssjóður ábyrgist fje hins almenna kirkjusjóðs frá 1. janúar 1918 að telja, og bætir halla þann, er sjóðurinn kann að biða við tap á lánnum eða á annan hátt.

Astæður fyrir frumvarpinu:

Öllum kirkjum, sem eigi eru bændaeign, er með nefndum lögum gert að skyldu að láta fje sitt í hinn almenna kirkjusjóð, er síðan lánar fje út til kirkna-bygginga. En engin aðaltrygging er fyrir því, að fje þetta tapist ekki, ef illa vill til, t. d. ef kirkja, sem lánað hefir verið til, eyðist og söfnuðurinn leysist upp. Kirkjum þeim ýmsum, sem eitthvað eiga í sjóðnum að mun, eða forráðendum þeirra, líkar þetta illa, og hefir komið fram sá vilji margra, að þeim yrði gefið fult frelsi til þess að hafa fje sitt og ávaxta á fullkomlega öruggum stöðum, eða þá að landssjóður taki beinlínis að sjer ábyrgð á fje hins almenna kirkjusjóðs, og virðist það ekki ósanngjörn krafa á meðan líka landssjóður (þjóðfjelagið) heldur kirkju þessa lands uppi sem þjóðkirkju.